

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Hlöðver Ingi Gunnarsson <gunnarsson85@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 21. janúar 2020 15:05
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Subject: Re: Ums.b.tækif.l.-Þorablót,Dalabúð 25.1.2020

Sæll

Nú höfum við bæði rætt við sýslumann og lögreglu. Það er alveg skýrt af þeirra hálfu að leyfið hljóðar uppá að einstaklingar undir 18 ára aldri eru ekki leyfilegir inná blótið/ballið. En sýslumaðurinn gerði ekki athugasemdir við það sem lögreglan sagði að leyfi sveitafélagið það að þeir sem verða 18 á árinu komi í fylgd með forráðamönnum sé það í lagi. Samþiggir Byggðaráð þá túlkun eða eigum við að miða við afmælisdaginn?

kær kveðja,
H

sun., 19. jan. 2020 kl. 14:03 skrifaði Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>:

Sæll.

Ég get ekki svarað þessu umfram það sem samþykkt sveitarstjórnar segir. Gæti mögulega lagt þessa spurningu fyrir byggðarráð en sá fundur er á miðvikudaginn.

Væri ekki hreinlegast ef hægt væri að fá Sýslumanninn til að gefa tækifærisleyfið út með þessum hætti ef lögreglan myndi leggja það til í umsögn sinni?

B.kv.

Kristján

From: Hlöðver Ingi Gunnarsson <gunnarsson85@gmail.com>
Sent: föstudagur, 17. janúar 2020 16:44
To: Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>
Subject: Re: Ums.b.tækif.l.-Þorablót,Dalabúð 25.1.2020

Sæll

Við fengum þau skilaboð frá Lögreglunni á Vesturlandi að þau myndi ekki gera athugasemd við það að einstaklingar sem yrðu 18 ára fengju að koma á þorablótið ef þeir yrðu 18 ára á árinu. Það var þó alveg skýrt að þeir þyrftu að koma í fylgd með forráðamönnum. Er þetta eitthvað sem Dalabyggð myndi samþiggja. Eða drögum við alveg línuna við afmælið. Þetta þýðir líka að allir aðrir sem sem erum yngri en þetta geta ekki komið inn.